Samantekt og greining Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum

*Nóvember 2019*

# Suðurnes í fjárlagafrumvarpi 2020

# Íbúar og atvinnulíf



# Íbúum Suðurnesja hefur fjölgað um 30,8% á frá 2013

Frá árinu 2013 til október 2019 hefur íbúum á Suðurnesjum fjölgað um 30,8%.

Íbúum hefur á tímabilinu fjölgað um 6.524.Til samanburðar voru íbúar Vestfjarða 7.084 í október 2019 og Vestmannaeyja 4.330.

Á tímabilinu hefur landsmönnum fjölgað um 12% eða um 38.724 íbúa.



Íbúum á Suðurnesjum hefur frá 2015 fjölgað langt umfram þá 1% fjölgun á ári sem ríkið miðar við í áætlunum sínum



# Frá 2013 hefur Íbúum fjölgað hlutfallslega langmest á Suðurnesjum



# Fólkið á Suðurnesjum

- Hærra hlutfall á íbúa á Suðurnesjum er á aldrinum 21 til 45 ára en á landinu öllu.
- Á móti er umtalsvert hærra hlutfall á landinu öllu á aldrinum 46 ára og eldri.









# Karlar eru fleiri en konur

Karlar eru fjölmennari á landinu öllu en hlutfallið nokkuð hærra á Suðurnesjum þar sem eru karlar 53,6% og konur 46,4%

Mestur er munur á kynjahlutfalli í aldurshópunum 21 til 30 ára og 31 til 45 ára.












# Erlendir ríkisborgarar eru hærra hlutfall af íbúum Suðurnesja en almennt á landinu









# Atvinnuleysi fer vaxandi

- Atvinnuleysi hefur aukist meira á Suðurnesjum frá 2018 en á landinu almennt.
- Atvinnuleysi á Suðurnesjum var 9,0% í janúar 2020, en til samanburðar var það 4,8% á landinu öllu.
- Atvinnuleysi er meira á meðal kvenna, 9,6%, en karla, 8,6%.







# Atvinnuleysi fer vaxandi

- Atvinnuleysi hefur aukist meira á Suðurnesjum frá 2018 en á landinu almennt.
- Atvinnuleysi á Suðurnesjum var 9,0% í janúar 2020, en til samanburðar var það 4,8% á landinu öllu.
- Atvinnuleysi er meira á meðal kvenna, 9,6%, en karla, 8,6%.







# Atvinnuleitendum fer fjölgandi

- Í janúar 2020 voru 1.440 atvinnulausir á Suðurnesjum og höfðu ekki verið fleiri síðan í desember 2011 þegar þeir voru 1.454. Fjöldi atvinnulausra á Suðurnesjum eftir hrun náði hámarki í 1.773 í maí 2009.
- Hlutfall erlendra ríkisborgara á meðal atvinnuleitenda hefur farið vaxandi á Suðurnesjum og er hærra en á öðrum stöðum á landinu.

# Heilbrigðisstofnanir









# Heilbrigðisstofnanir landsbyggðanna

- Framlög til heilbrigðisstofnanna utan höfuðborgarsvæðisins.
- Framlögin skiptast á þrjú svið; heilsugæslusvið, sjúkrasvið og hjúkrunarrými. Myndirnar sýna annars vegar samanlögð framlög til þessara þriggja sviða 2018 til frumvarps 2020 og hins vegar breytingu frá 2018 til frumvarps 2020.
- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fær minnsta aukningu á framlögum umfram fólksfjölgun í heilbrigðisumdæmi frá fjárlögum 2018 til frumvarps 2020.

# Hlutfallsleg breyting á framlögum til allra sviða heilbrigðisstofnana í fjárlagafrumvarpi 2020

Af heilbrigðisstofnunum utan höfuðborgarsvæðisins hækka framlög mest til Heilbrigðisstofnunar Norðurlands eða um 8,3%.

Framlög hækka næst mest til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja (HSS) eða um 6,4%.

Almennt hækka framlög mest til heilsugæslusviða heilbrigðisstofnana en minna til sjúkrasviða og hjúkrunarrýma.












# Breytingar framlaga til HSS frá fjárlögum 2019 til frumvarps 2020

- Framlög til HSS aukast um 6,41% á milli ára skv. fjárlagafrumvarpi 2020.
- Aukning er lítil til hjúkrunarrýma, 3,05% og sjúkrasviðs, 1,08%.
- Framlög til heilsugæslusviðs aukast 10,42% en það er jafnframt stærsta svið HSS með um 57% af heildarframlögum.

# Heilbrigðisumdæmi Suðurnesja er það þriðja fjölmennasta utan höfuðborgarsvæðisins









- Með frumvarpi 2020 aukast framlög til sjúkrasviðs HSS aðeins um 1,1%. Það er mun minna en fólksfjölgun í heilbrigðisumdæminu fyrstu 9 mánuði ársins 2019.
- Þrátt fyrir að vera þriðja fjölmennasta heilbrigðisumdæmið utan höfuðborgarsvæðisins eru framlög til sjúkrasviðs HSS ekki í samræmi við það.
- Nálægð við höfuðborgarsvæðið og Landspítalann ásamt því að ekki rekin skurðstofa hjá HSS kunna að skýra lægri framlög til sjúkrasviðs HSS en þó ekki að öllu leyti.

# Framlög til sjúkrasviðs







# Framlög til heilsugæslusviðs

- Framlög til heilsugæslusviðs HSS aukast um 10,4% milli ára sem nokkuð umfram fólksfjölgun fyrstu 9 mánaða ársins 2019. Það er meiri aukning en á en öðrum svæðum nema í heilbrigðisumdæmi Norðurlands þar sem íbúum hefur fækkað lítillega það sem af er ári.
- Þrátt fyrir að vera þriðja fjölmennasta heilbrigðisumdæmið utan höfuðborgarsvæðisins og að lýðheilsuvísar Embættis landlæknis sýni að meiri þörf er fyrir heilsugæsluþjónustu á hvern íbúa Suðurnesja en á öðrum svæðum eru framlög til heilsugæslusviðs HSS ekki í samræmi við það.







# Framlög til hjúkrunarrýma

- Framlög til hjúkrunarrýma HSS aukast um 3,1% með frumvarpi 2020.
- Þrátt fyrir að vera þriðja fjölmennasta heilbrigðisumdæmið utan höfuðborgarsvæðisins eru framlög til hjúkrunarrýma HSS lægri en til allra annarra heilbrigðisstofnana.







# Suðurnes fá lægsta framlag á hvern íbúa til heilsugæslu

- Lýðheilsuvísar Embættis landlæknis sýna að hvergi á landinu er meiri þörf fyrir heilsugæsluþjónustu en á Suðurnesjum á hvern íbúa.
- Þrátt fyrir að framlög til heilsugæslusviðs HSS hækki næst mest af öllum heilbrigðisstofnunum utan höfuðborgarsvæðisins er framlag á hvern íbúa lægst í heilbrigðisumdæmi Suðurnesja.
- Framlag á hvern íbúa hefur þó hækkað jafnt og þétt frá 2018, en það skýrist þó að hluta af því að í fjárlögum 2019 voru framlög færð frá sjúkrasvði til heilsugæslusviðs. Framlag á hvern íbúa hækkar um 7,6% með frumvarpi 2020.
- Þjónusta heilsugæslusviða er sambærilegri á milli svæða en annarra sviða. Mismunur ætti því einkum að skýrast af dreifbýli, vegalengdum og stærðarhagkvæmni. Þessar breytur skýra þó ekki að fullu þann mun sem er á Suðurnesjum og öðrum svæðum.

# Ólík samfélög kalla mismunandi heilbrigðisþjónustu

- Við ákvörðun fjárveitinga er mikilvægt að horfa til ólíkrar íbúasamsetningar, umsvifa og þarfa á mismunandi svæðum.
- Konur á „barneignaraldri“ eru hærra hlutfall á Suðurnesjum en á landinu öllu. Mæðravernd, fæðingaþjónusta og ungbarnaeftirlit er því þjónusta sem þarf sérstaklega að huga að á Suðurnesjum.
- Hlutfall 46 ára og eldri er mun lægra á Suðurnesjum en á landinu öllu.
- Fjöldi farþega á Keflavíkurflugvelli hefur stóraukist sem hefur leitt af sér stóraukin umsvif samhliða mikilli fjölgun íbúa. Bráðamóttaka HSS er til að mynda orðin sú þriðja stærsta á landinu.









# Löggæsla









# Embætti lögreglustjóra utan höfuðborgarsvæðis

- Lögreglustjórinn á Suðurnesjum er stærsta embætti lögreglunnar utan höfuðborgarsvæðisins. Þjónusta embættisins á Keflavíkurflugvelli vegur þar þungt.
- Mikil fjölgun íbúa á Suðunesjum og ferðamanna um Keflavíkurflugvöll á undanförnum árum hefur leitt til stóraukins álags.
- Framlög til embættisins hafa aukist hlutfallslega minna en hjá embættum á svæðum þar sem ekki hefur verið jafn mikil þensla.







# Framlög til almennrar löggæslu halda ekki í við íbúaþróun

- Frá 2016 hefur íbúum Suðurnesja fjölgað um 5.221 eða 23%.
- Farþegum á Keflavíkurflugvelli fjölgaði um tæpar 3 milljónir frá 2016 til 2018, en gert er ráð fyrir fækkun á árinu 2019.
- Ársverkum í almennri deild lögreglustjórans hefur fjölgað um 2,9% en heildarársverkum um 66,9%.
- Svo virðist sem aukning framlaga til Lögreglustjórans á Suðurnesjum hafi að mestu runnið til að mæta fjölgun farþega á Keflavíkurflugvelli en ekki til að mæta fjölgun íbúa og þjónustu við þá.

# Framhaldsskólar og símenntun



# Nemendaígildum hjá FSS hefur fjölgað

Áætlun fjárlaga 2018 gerði ráð fyrir áframhaldandi fækkun nemendaígilda.

Í fjárlögum 2019 og nú fjárlagafrumvarpi 2020 hafa komið fram breytingar sem fela í sér fjölgun nemendaígilda.



# Framhaldsskólar með svipað hlutfall bóknáms

Framlag á hvern nemenda hjá FSS er svipað og hjá sambærilegum skólum.

Stærð skóla hefur mikil áhrif á hvert framlag er á hvern nemanda og einnig hlutfall bóknáms.



# Hlutfallsleg breyting frá fjárlögum 2018

Heildarframlag til FSS hefur hlutfallslega aukist minna frá 2018 en heildarframlag til allra framhaldsskóla. Það hefur þó aukist meira en heildarframlag til Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSU) sem er sambærilegur skóli af stærð og með svipað hlutfall bóknáms.

Sömu sögu er að segja af framlagi á hvern nemenda.

Almennt hefur nemendum framhaldsskóla fækkað undanfarin ár. Nemendaígildum hjá FSS hefur fækkað minna frá 2018 en hjá FSU og framhaldsskólum almennt. Þeim fjölgar árið 2020 frá fyrra ári.









# Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

- Mikil fjölgun hefur orðið á atvinnuleitendum á árinu 2019 sem mun kalla á aukna þjónustu af hálfu MSS.
- Síaukin sókn í íslenskunám fyrir innflytjendur endurspeglar hátt hlutfall erlendra ríkisborgara á Suðurnesjum.
- Samningsbundið framlag til Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum (MSS) helst óbreytt í 23 milljónum króna á milli ára.
- Með eflingu MSS eru möguleikar á að byggja upp enn frekar öflugt starf til að liðsinna ört vaxandi hópi erlendra ríkisborgara sem kjósa að starfa og búa á Suðurnesjum.

# Samgöngur

# Á Reykjanesbraut hefur umferð nærri tvöfaldast á sex árum

Í ágúst 2013 fóru rúmlega 12 þúsund ökutæki um Reykjanesbraut á sólarhring samanborið við tæplega 20 þúsund í ágúst 2019.

Stöðug aukning var á umferð um Reykjanesbraut út árið 2018 en á árinu 2019 hefur hún dregist lítillega saman, sem skýrist að mest af fækkun farþega um Keflavíkurflugvöll sem að öllum líkindum er tímabundin.

Drög frumvarpi að nýrri samgönguáætlun 2020-2034 gera ekki ráð fyrir markverðum framkvæmdum fyrr en á árunum 2025-2029 þegar farið verður í tvöföldun frá Fitjum að Rósaselstorgi og breikkun aðskilnað aksturstefna við Krísuvíkurveg - Hvassahraun.



# Suðurnes í fjárlagafrumvarpi 2020

Þessi samantekt og greining er unnin af Aton.JL fyrir Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Allar upplýsingar byggja á opinberum gögnum:

- Úr fjárlagafrumvarpi 2020 og fylgiskjölum.
- Fjárlögum fyrri ára og Ríkisreikningi.
- Upplýsingum frá Hagstofunni.
- Upplýsingum frá Vinnumálastofnun.
- Upplýsingum úr ársskýrslum og útgefnu efni frá stofnunum.